

Reglur um frístundastyrk til barna í íþróttá- og tómslundaiðkun

Úthlutunarreglur

1. Markmið

Markmið og tilgangur frístundastyrksins er:

- að styrkja 2 til 18 ára börn í Vestmannaeyjum til þátttöku í uppbyggilegu frístundastarfi og auka möguleika til þátttöku óháð efnahag
- að ýta undir aukna hreyfingu og félagsþátttöku 2 til 18 ára barna
- að vinna gegn óæskilegu brottfalli í eldri aldurshópum iðkenda auka virkni í frístundatíma barna

2. Frístundastyrkur

- Frístundastyrkurinn er kr. 35.000,- fyrir einstakling á aldrinum 2 til 18 ára.
- Frístundastyrkurinn er fyrir börn með lögheimili í Vestmannaeyjum.
- Frístundastyrk er úthlutað til foreldra/forráðamanna vegna greiddra þáttökugjalda hjá þeim félögum/fyrirtækjum/stofnunum sem hafa gildan samstarfssamning hjá Vestmannaeyjabæ. Lista yfir samstarfsaðila hverju sinni má sjá á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar.
- Gert er ráð fyrir að tímabil hveurrar styrkveitingar sé almanaksárið og yrði því styrkurinn til ráðstöfunar frá og með 1. janúar ár hvert.
- **Réttur til frístundastyrks fyrir hvert ár fellur niður í árslok. Ónýttir frístundastyrkir geymast ekki milli ára.**
- Hægt er að skipta frístundastyrknum niður á fleiri en eina tómslundaiðju en ekki þarf að ráðstafa öllum frístundastyrknum í einu.
- Frístundastyrk úthlutað vegna námskeiða sem standa yfir í a.m.k. 6 vikur samfelld.
- Frístundastyrk gildir ekki sem greiðsla fyrir aðbúnað, ferðalög eða annan tilfallandi kostnað vegna keppni eða þjálfunar.

3. Skilgreining á samstarfsrétti félaga og fyrirtækja

Meginskilyrði fyrir greiðslu frístundastyrks til foreldra/forráðamanna barns er að starfsemi íþróttá- og tómslundaiðkunnar sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðustum skilningi. Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við tómslundastarf og þjálfun barna.

Félög, fyrirtæki og stofnanir sem vilja gera samstarfssamning við Vestmannaeyjabæ verða að auki að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- I. vera með skilgreinda starfsemi sem fellur undir markmið laga, reglugerða og stefnu Vestmannaeyjabæjar
- II. hafa rekstur undir eigin kennitölu
- III. hafa aðsetur í Vestmannaeyjum

Aðilar skila skilgreindri umsókn til Fjölskyldu- og fræðsluviðs sem metur umsóknir. Samstarfssamningur tekur gildi næsta virka dag eftir samþykkt sviðsins.

Samstarfsaðilar skulu ár hvert skila greinargerð til framkvæmdastjóra Fjölskyldu- og fræðslusviðs varðandi starfsemi sína og þar skal koma fram m.a. upplýsingar um fjölda iðkenda, eðli starfseminnar og gjaldskrá.

4. Verðlagning

Gildir samstarfsaðilar Vestmannaeyjabæjar skulu leitast við að stilla verðlagi á æfinga- og þáttökugjöldum í hóf og senda inn gjaldskrá sína til Fjölskyldu- og fræðslusviðs fyrir upphaf hvers annar/tímabils.

Skilyrði fyrir áframhaldandi samstarfi frá ári til árs er að samstarfsaðilar hækki ekki gjaldskrá sína umfram eðlilega vísitöluhækkun á ári hverju.

5. Framkvæmd frístundastyrks

Allar greiðslur frístundastyrks fer í gegnum Norakerfið. Sótt er um frístundastyrk ói gegnum Norakerfi viðkomandi samstarfsaðila sem hægt er að nálgast á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar eða á heimasíðu viðkomandi samstarfsaðila (Norakerfi félagsins)

Þegar forráðamaður staðfestir þátttöku barns í gegnum Nora fær viðkomandi félag/deild og Vestmannaeyjabær staðfestingu þar um.

6. Undanþágur og vafaatriði

Fjölskyldu- og tómstundaráð hefur heimild til að veita undanþágu frá þessum reglum. Ef upp koma vafaatriði mun ráðið skera úr um það.

Brot félaga/fyrirtækja á reglum og skilyrðum fyrir frístundastyrknum getur leitt til endurskoðunar á úthlutun.

7. Annað

Frístundastyrkur til barna í íþrótt- og tómstundaiðkun í Vestmannaeyjum er í umsjón framkvæmdastjóra Fjölskyldu- og fræðslusviðs sem veitir nánari upplýsingar.

Verði ofgreiðsla að ræða af frístundastyrk áskilur Vestmannaeyjabær sér rétt til að krefjast endurgreiðslu.

Sé ofgreiðsla á grundvelli rangra upplýsinga eða umsækjandi ekki tilkynnt um breytingu á högum sínum sem hafa áhrif á greiðslu frístundastyrks er heimilt að leggja dráttavexti á upphæð endurkröfunnar.

Samþykkt í Fjölskyldu- og tómstundaráði 14. janúar 2020

Staðfest af Bæjarstjórn 23. janúar 2020